

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis

Reykjavík, 22. mars 2000

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með bréfi, dags. 7. mars s.l., óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál.

Meginefni frumvarpsins felst í breytingum á 36. gr. laganna á reglum um fjárfestingarheimildir. Það er skoðun stjórnar LL að þær breytingatillögur gangi því miður of skammt og verður vikið nánar að athugasemdum stjórnar LL við þeim breytingum síðar í bréfi þessu

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

1. grein

Þó svo að sú breyting sem hér er lögð til, sé í samræmi við þær venjur sem skapast hafa síðustu misseri, er umhugsunarvert hvort ástæða sé til að Fjármálaeftirlitið sem er eftirlitsaðili sjóðanna, sé jafnframt lögbundinn umsagnaraðili um allar þær breytingar sem kunna að verða gerðar á samþykktum lífeyrissjóða. Ætti að vera nægjanlegt að slíkar breytingar öðlist staðfestingu fjármálaráðherra, eins og löggin gera nú ráð fyrir, án þess að sérstaklega þurfi alltaf að leita umsagnar Fjármálaeftirlitsins, enda vandséð að það samrýmist góðri stjórnsýslu að eftirlitsaðili sé jafnframt umsagnaraðili.

2. grein

Ekki er gerð athugasemd við þessa grein.

3. grein

Grein þessi virðist vera í samræmi við 38. grein laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, svo og 43. grein laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Ekki er gerð athugasemd við þessa breytingu.

4. grein

Núgildandi 33. grein um gerðardóm er felld niður. Er þá væntanlega haft í huga að sjóðfélagi hafi önnur fljótvirkari og ódýrari réttarúrræði, s.s. gjafsókn fyrir dómstólum. Slík leið er auðvitað fær, þó svo að gerðardómsákvæði séu í samþykktum lífeyrissjóða. Athuga þarf að á nokkrum öðrum stöðum í lögnum er minnst á gerðardóm, sem væntanlega þarf líka að fella niður, t.d. í 27. grein laganna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lífeyrissjóðir skuli hafa í þjónustu sinni starfsmann sem sé hæfur til að sinna eignastýringu. Ekki er vitað til þess að sambærileg ákvæði séu í öðrum lögum. Ekki er þó gerð athugasemd við þetta atriði sérstaklega, enda getur viðkomandi starfsmaður annað hvort verið starfsmaður sjóðsins eða verktaki, sbr. athugasemdir með frumvarpinu.

5. grein

Landssamtök lífeyrissjóða telja nauðsynlegt að heimildir til að fjárfesta í hlutabréfum verði auknar úr 35% í 60% af hreinni eign sjóðanna og í erlendum gjaldmiðlum úr 40% í 60%.

Ljóst er að þrátt fyrir rýmkun fjárfestingarheimilda sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mun senn draga úr möguleikum lífeyrissjóða til að nýta sér þá fjárfestingakosti sem í boði eru. Það er álit Landssamtaka lífeyrissjóða, eftir könnun sem gerð hefur verið hjá stærri lífeyrissjóðunum, að strax á næsta ári munu margir lífeyrissjóðir hafa náð 50% markinu. M.a. með hliðsjón af

einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar, svo og sérstaklega góðri ávöxtun hlutabréfa á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum, er ljóst að verulega getur dregið úr ávöxtunarmöguleikum lífeyrissjóðanna strax á næsta ári. Þá er ekki síður mikilvægt að huga að framþróun íslenska hlutabréfamarkaðarins. Það væri mjög slæmt fyrir innlenda markaðinn og gæti haft í för með sér óeðlilegar verðlækkanir á innlendum hlutabréfum, ef eftirspurn lífeyrissjóðanna eftir hlutabréfum myndi stórlega dragast saman, þar sem lífeyrissjóðirnir gætu ekki nýtt sér þá fjárfestingarkosti sem í boði væru, þar sem þeir hefðu þá náð 50% markinu. Með því að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna að þessu leyti upp í 60%, gæfist aukið svigrúm að huga að framtíðarstöðu þessara mála við heildarendurskoðun lífeyrissjóðalaganna. Líklegt er að sú endurskoðun eigi sér stað í framhaldi af vinnu við skýrslu fjármálaráðherra um lögin, sem gert er ráð fyrir að hefjist þegar á næsta ári. Þá er lagt til að í stað orðsins “ársuppgjóri” í 1. tölulið 8. málsgreinar komi orðið ”uppgjóri”. Með því að miða við síðasta endurskoðaða uppgjör, í stað ársuppgjörs, þá gefst lífeyrissjóði, sem kominn er að fjárfestingarmörkunum í árslok, að miða kaupin við hreina eign samkvæmt síðasta endurskoðaða uppgjóri.

6. grein

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal stjórn lífeyrissjóðs móta fjárfestingastefnu sjóðsins. Þessi skylda er sérstaklega áréttuð í 29. gr. laganna, þar sem listuð eru lögboðin verkefni stjórnar lífeyrissjóðsins. Í 30. grein laganna kemur enn fremur fram að á ársfundi lífeyrissjóðsins skuli gera grein fyrir fjárfestingastefnu hans. Enn á ný er fjallað um fjárfestingastefnuna í 36. gr., þar sem eitt af verkefnum innra eftirlits með sjóðunum er að hafa eftirlit með því að fjárfestingastefnu sé fylgt og að ávöxtun eigna sé eðlileg. Ekki verður séð á þessum ákvæðum annað en að nægjanlega vel sé um hnútana búið hvað varðar gerð, kynningu og eftirlit með fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna.

Þá er ekki síður ástæða til að nefna, að í 2. málslíð 44.gr. lífeyrissjóðalaganna eru ákvæði um að fjármálaeftirlíð eigi aðgang að öllum gögnum og upplýsingum lífeyrissjóða sem það telur nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Því er lagt er til að 3. málslíður 1. mgr. 6.gr. verði felldur niður.

7. grein

Ekki er gerð athugasemd við þessa grein.

8. grein

Lagt er til að orðin “fyrir komandi ár” falli niður. Ef menn vilja á annað borð láta fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðs fylgja með ársreikningi, þá er eðlilegra að miða við fjárfestingarstefnu yfirstandandi árs.

9. grein

Ekki er gerð athugasemd við þessa grein.

10. grein

Ekki er gerð athugasemd við þessa grein.

11. grein

Lagt er til að í stað síðari málslíðar 53. gr. komi fjórir nýir málslíðir, sem orðast svo:

“Um réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris út sjóðum sem starfsleyfi hafa samkvæmt þessari grein fer eftir þeim reglugerðum hlutaðeigandi sjóða sem í gildi voru við gildistöku laga þessara. Þó skal heimilt að kveða á í samþykktum sjóðs um breytingar á eldri ákvæðum til samræmis við almennt samkomulag sem samtök launþega og vinnuveitenda hafa gert með sér, enda brjóti slíkar breytingar hvorki í bága við III. kafla laganna né teljist ganga með óréttmætum hætti á áunninn rétt einstakra sjóðfélaga eða annarra, sem réttinda njóta, innbyrðis eða hafi að mati tryggingafræðings sjóðsins teljandi fjárhagsleg áhrif,

þegar litið er til eigna sjóðsins og lífeyrisskuldbindinga. Að öðru leyti skulu lög þessi gilda um hlutaðeigandi sjóði eftir því sem við getur átt.”

Athugasemdir um 11. grein:

Samkvæmt núgildandi 53. gr. skulu lögin eftir því, sem við getur átt, gilda um lífeyrissjóði, sem hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna áunninna réttinda og fá til þess starfsleyfi fjármálaráðuneytisins. Í greininni er ekki skýrt nánar, hvað felst í orðalaginu “eftir því, sem við getur átt”, en í athugasemdum, sem lagafrumvarpinu fylgdu, segir hins vegar, að um réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris úr þeim sjóðum, sem starfsleyfi fá samkvæmt þessari grein, fari eftir þeim reglugerðum hlutaðeigandi sjóða, sem í gildi eru við gildistöku laganna. Með skírskotun til þessara athugasemda hefur fjármálaráðuneytið talið með öllu óheimilt að breyta eldri bótaákvæðum, þótt um sé að ræða breytingar sem teljast verða eðlilegar og jafnvel sjálfsagðar og hvorki hafa áhrif á fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs né ganga á rétt nokkurs sjóðfélaga. Lagt er til, að framangreind athugasemd verði tekin inn í sjálfan lagatextann sem meginregla, en heimilt verði að uppfylltum tilteknum þröngum skilyrðum að víkja frá henni. Með ákvæðum í sambandi við almennt samkomulag launþega og vinnuveitenda er fyrst og fremst átt við ákvæði byggð á samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 12. desember 1995. Af atriðum, sem ekki eiga að hafa nein áhrif á fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs, má nefna endurskoðun ellilífeyrisúrskurða við 70 ára aldur í stað 75 ára og breytta reglu um hækkun ellilífeyris vegna frestunar á töku hans. Þá mun niðurfelling þess skilyrðis fyrir rétti til elli- og makalífeyris, að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld í tiltekinn tíma eða áunnið sér tiltekinn lágmarksfjölda stiga, vart hafa mælanleg áhrif. Vegna aðildar að samskiptasamkomulagi lífeyrissjóða heyrir það til hreinna undantekninga, að þetta ákvæði skipti máli, en það er til ama, þegar slíkar undantekningar koma upp. Sú breyting í réttlætisátt að reikna öll áunnin stig að fullu í stað þess að reikna stig fyrir tíma umfram 30 ár einungis að hálfu hefur í för með sér lítills háttar aukningu skuldbindinga. Aukningin mun þó sennilega ekki fara langt fram úr 1% af skuldbindingum, og

hjá einstökum sjóðum nemur hún aðeins litlu broti af þeirri fjárhæð, sem eignir þeirra eru umfram skuldbindingar. Sem dæmi skal tekinn sjóður, sem samkvæmt úttreikningi tryggingafræðings átti 12,2% umfram skuldbindingar, en sá hundraðshluti lækkaði í 10,8%, ef 30 ára reglan var felld úr gildi. Samkvæmt þessu gat ellilífeyrir manns, sem ekki naut góðs af niðurfellingunni og fékk greiddar kr. 50.000 á mánuði, hækkað í kr. 55.400 í stað kr. 56.100, ef reglan var felld úr gildi. Þær breytingar, sem hér hafa verið nefndar, eru allar í samræmi við áður nefnt samkomulag Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 12. desember 1995 og III. kafla laganna. Um tæmandi upptalningu á atriðum, sem heimilt yrði talið að breyta, er hér ekki að ræða, en gert er ráð fyrir, að ósk um staðfestingu ráðuneytis á samþykktum fylgi jafnan umsögn tryggingafræðings um fjárhagsleg áhrif breytinga. Þá er það skilyrði sett, að ekki sé með breytingum gengið með óréttmætum hætti á áunninn rétt einstakra sjóðfélaga með breyttum áherslum á mismunandi bótategundir eða öðrum breytingum á réttindum einstakra sjóðfélaga eða hópa innbyrðis. Sama gildir um réttindi annarra, sem hlut eiga að máli, þ.e. þeirra, sem rétt öðlast til maka- eða barnalífeyris.

Ákvæði til bráðabirgða

Engin athugasemd er gerð við þessa grein.

Að lokum ítrekar stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða þá skoðun sína, að þær breytingar sem lagt er til að gerðar séu á 36. gr. laganna um rýmkun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóðanna, gangi of skammt og nauðsynlegt sé, m.a. vegna framþróunar verðbréfamarkaðarins, að tekið sé tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Póssi Hermannsson